



## Fundargerð

432. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,  
miðvikudaginn 16. jan. 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson oddviti (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE), Karl Kristjánsson (KK) og Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og setti fund.

Dagskrá:

### Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. **431. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps 11. des. 2018:**  
Fundargerð síðasta fundar tekin fyrir, samþykkt og undirrituð.
2. **Skipulags-, húsnæðis - og hafnarnefnd 11. jan. 2019:**  
Lögð fram og eftirfarandi liðir teknir fyrir.

Liður 1: Skiplagsmál - deiliskipulag við Hólatröð.  
Sveitarstjórn staðfestir liðinn.

Liður 2: Vestfjarðavegur - leiðarval - umferðaröryggisrýni.  
Ingimar Ingimarsson leggur til að málinu verði frestað til aukafundar sem haldinn verður 22.01.19. kl. 14:00. Sveitarstjórn Reykhólahrepps mun funda með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra næstkomandi mánudag. Sveitarstjórn telur rétt að bíða með endanlega ákvörðun uns sá fundur er yfirstaðinn.  
Samþykkt samhljóða.

Liður 3: Endurskoðun aðalskipulags. Lagt fram tilboð og verkáætlun frá Alta um endurskoðun aðalskipulags. Sveitarstjóra heimilað að ganga til samninga við Alta á grundvelli tilboðs þeirra.  
Samþykkt samhljóða.

Liður 6: Vindorkugarður - aðalskipulagsbreyting. Sveitarstjórn staðfestir liðinn.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina og hún samþykkt að öðru leyti.

**3. Mennta- og menningmálanefnd 14. jan. 2019:**

Tekinn fyrir 2. liður; umsókn um starf tómstundafulltrúa. Jóhanna vék af fundi undir þessum lið. Ein umsókn barst. Samþykkt samhljóða að ráða Jóhönnu Ösp Einarsdóttur til starfans. Sveitarstjóra falið að ganga frá ráðsamningi við hana.

Formaður fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

**Mál til afgreiðslu.**

4. **Sameining slökkviliða - byggðasamlag:** Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins. Honum er heimilað að ganga frá samningi við nágrannasveitarfélögin sem verði borinn undir sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.
5. **Skipulags- og byggingafulltrúi:** Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi það að ráða sameiginlega byggingafulltrúa og skipulagsfulltrúa á svæðinu. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.
6. **Göngustígur við kirkjugarð:** Lagt fram erindi um gerð göngustígs að kirkjugarði. Sveitarstjórn tekur vel í erindið.
7. **Fyrirspurnir frá Eiríki Jónssyni:** Sveitarstjóra falið að leggja fyrir drög að svörum fyrir næsta fund í samræmi við umræður á fundinum.
8. **Fyrirspurnir frá Helga Jenssyni:** Sveitarstjóra falið að leggja fyrir drög að svörum fyrir næsta fund í samræmi við umræður á fundinum.

**Mál til kynningar:**

**9. Bréf vegna fundar í Bifröst:**

Lagt fram.

**10. Þörungaverksmiðjan - bréf um hitaveitumál:**

Lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16:10.

---

---

---

---

---

---